

Sjóminjasafn Austurlands

Hinn 7. des. sl. var haldinn á Eskifirði stofnfundur Sjóminjasafns Austurlands. Hugmyndin að stofnaun sjóminjasafnsins kom fyrst fram í tillögum safnaneftnar þeirrar sem árið 1971 vann á vegum Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, (Austurlandskjörðæmi), að stofnun safnastofnunar Austur-

umsjá Eskifjarðarkaupstaðar, sem felur stjórn safnsins meðferð á málEfnum þess. Stjórn safnsins skal skipað fimm mönnum og jafnmögum til vara. Fulltrúa 1 stjórn skipta eftirtaldir aðilar: Eskifjarðarkaupstaður 1, Byggðarsögunefnd Eskifjarðar 1, Fjórðungssamband fiskfélagsdeilda á Austurlandi 1, Alþýðu-

fjarðar og undir leiðsögn Þorsteins Gunnarssonar, arkitekts. Er nú langt komið viðgerðinni og standa vonir til að hefja megi uppsætingu safnsins í Gömlu búð eftir svo sem tvö ár.

Fram að því verður megin verkefni Sjóminjasafnsins söfnun sjóminja og annarra hluta, svo sem gamalla ljósmynda, sem tengdar eru fiskveiðum og forn um verslunarháttum Austfirðinga. Fyrirhugað er, að koma upp í tengslum við sjóminjasafnið, synishorni af sölubúð með alda-mótasniði.

Pegar eru í eigu safnsins tölvvert af munum, sem Gunnlaugur Haraldsson, minjavörður Austurlands, og Hilmar Bjarnason hafa safnað og skráð á líðnum árum, þar á meðal þrír bátar. Er þar þó einvörbungu um að ræða muni frá Eskifirði. Að sjálfsgögðu þarf viðar eð leita fanga í sjávarkaup-túnum eystra, ef takast á að gera útgerðarsögu fjórðungsins alls og einstakra byggðarlaga hans tæmandi skil, en að því ber auð-vitab að stefta.

Vert er að geta þess að á vegum Minjasafnsnefndar Neskaupstaðar hefur um 300 munum verið safnað á undanförnum árum. Heyra þeir að mestu til eldri sjó-sóknarháttum. Má vænta þess, að hluti þeirra renni síðar til Sjóminjasafns Austurlands.

Gert er ráð fyrir því i starfs-áætlun safnsins fyrir yfirstandandi ár að áfram verði haldið minjasöfnun við sjávarsíðuna, auk þess sem gert verður við þá muni eftir þörfum, sem þegar hafa safnast.

Sjóminjasafn Austurlands beinir því eindregið til sérhværs Austfirðings að hann gaumgæfi vel hvort ekki kunni að vera í fórum hans einhverjir safngripir, eldri ljósmyndir eða önnur verðmæti, sem heima ættu á safninu og styrkur væri í fyrir sameiginlegt sjóminjasafn Austfirðinga.

&mhg



Gamla búð á Eskifirði, byggð um 1830. Þar er sjóminjasafni Austurlands ætlaður staður.

lands og mótu framtíðarstefnu í uppbyggingu safna í fjórðungnum.

I skipulagsskrá sjóminjasafns-ins segir m.a. svo um verksvið þess:

„Verksvið safnsins er söfnun og varðveisla þjóðlegra verðmæta, er snerta sögu sjávarútvegs, siglinga og eldri verslunarháttá á starfssvæði safnsins.

Aðsetur safnsins skal vera í Eskifjarðarkaupstað. Auk þess geta heyrt undir safnið munir og mannvirkir, sem varðveitt eru annarsstaðar á starfssvæðinu.

Safnið er sjálfseignarstofnun í

samband Austurlands 1 og Út-vegsmannafélag Austurlands 1.

Núverandi stjórn safnsins skipta: Hilmar Bjarnason, Eskifirði, formaður, Þórbur Sveinson, Neskaupstað, ritari, Geir Hólm, Eskifirði, varafirmaður, Kristinn Jónsson, Eskifirði, og Sigfinnur Karlsson, Neskaupstað.

Framtíðarhúsnaði Sjóminjasafnsins verður Gamla búð á Eskifirði, en hún er danskt verslunarhús, byggt um 1830. Full-komin endurgerð hússins hefur staðið yfir undanfarin ár á vegum Byggðasögunefndar Eski-